

Kirkjuþing 2020-2021.

14. mál - þskj. 14.

## T I L L A G A

### **að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.**

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.  
Frsm. Drífa Hjartadóttir.

#### 1. gr.

4. mgr. 4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skulu seldar og hvort Þjóðkirkjan-Biskupsstofa skuli kaupa fasteign eða ráðast í nýbyggingu. Ákveði kirkjuþing ekki annað, framfylgir kirkjuráð ákvörðun kirkjuþings samkvæmt þessari málsgrein.

#### 2. gr.

Við 1. mgr. 14. gr. starfsreglnanna bætist nýr málslíður, svohljóðandi:

Prestur skal skila prestssetri sínu til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, eigi síðar en við starfslok, nema um annað semjist.

#### 3. gr.

3.-5. málslíðir fyrri málsgreinar 23. gr. starfsreglnanna falla brott.

#### 4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

#### Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi starfsreglum annast kirkjuráð kaup og sölu fasteigna þjóðkirkjunnar og nýbyggingar en sala fasteigna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skal háð samþykki kirkjuþings.

Lögð er til sú breyting, í ljósi aukinnar og breyttrar ábyrgðar kirkjuþings á fjármálum kirkjunnar, að kirkjuþing ákveði hvaða eignir skuli seldar og hvort eignir verði keyptar eða ráðist í nýbyggingu. Verði tillagan samþykkt er styrkari stoðum rennt undir ábyrgð kirkjuþings á kaupum og sölum eigna og skýrara að skylt verður að framfylgja ákvörðunum kirkjuþings um sölur fasteigna, kaup og nýbyggingar.

Kirkjuþing þarf að hafa svigrúm til að ákveða hvort það felur biskupi, kirkjuráði eða öðrum að selja fasteign. Ef sú staða kemur upp að prestur hyggst kaupa prestssetur verður að setja málið í þann farveg að hafið sé yfir gagnrýni.

Lagt er til að sett verði almenn regla þess efnis að prestar skili prestssetrum sínum við starfslok. Semja megi þó um annað ef aðstæður útheimta.

Í haldsbréfum presta er almennt tekið fram að haldsbréf falli úr gildi við starfslok en rétt þykir að sú regla sé einnig sett fram í starfsreglum kirkjuþings. Við vissar aðstæður er rétt að veita svigrúm til skila á prestssetri, t.d. ef umráðamaður fellur frá, starfslok eiga sér stað um miðjan vetur eða aðrar aðstæður eru fyrir hendi sem réttlæta frávik.

Þá er lagt til að afnumin verði greiðsla til presta vegna gæslu veiðihlunninda. Hver eining er kr. 10.176 og fjórar einingar nema kr. 40.704. Greiðslan nemur nú kr. 488.448 á ári. Samkvæmt upplýsingum frá biskupsstofu er þremur prestum nú greitt fyrir hagsmunagæslu af þessu tagi vegna þriggja jarða. Bent skal á að mögulegt er að kaupa þjónustu sérfræðinga til að sinna hagsmunagæslu af þessum toga. Kirkjuþing ákvarðar almennt ekki einhliða fastar launagreiðslur til starfsmanna kirkjunnar og er því af þeirri ástæðu einnig rétt að fella slík ákvæði brott.

#### *Um einstakar greinar tillögunnar.*

##### Um 1. gr.

Lagt er til að kirkjuþing ákveði hvaða fasteignir Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu skuli seldar og hvort Þjóðkirkjan-Biskupsstofa skuli kaupa fasteign eða ráðast í nýbyggingu. Ákveði kirkjuþing ekki annað, framfylgi kirkjuráð ákvörðun kirkjuþings samkvæmt 1. málslið. Með þessu er þeim möguleika haldið opnum að fela öðrum að selja fasteignir. Getur verið eðlilegt að svo sé t.d. þegar um er að ræða að starfandi prestur kaupir prestssetur sem hann situr.

##### Um 2. gr.

Lagt er til að tekið verði upp í starfsreglur að prestur sem situr prestssetur skili því við starfslok, en ákvæði þessa efnis hafa verið í haldsbréfum. Þykir tryggara að kirkjuþing mæli fyrir um þessa reglu í starfsreglum einnig.

##### Um 3. gr.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði í starfsreglum kirkjuþings, sem mæla fyrir um að prestar skuli fá þóknanaagreiðslur vegna gæslu hagsmuna í tengslum við veiðihlunnindi sem tilheyra jörðum Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

##### Um 4. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar öðlist gildi þann 1. október 2020.